



145. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 15. maí 2019 kl.10.00 í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Mætt voru: Eggert Kjartansson, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Gerður Jóhannsdóttir mætti í forföllum Báru Daðadóttur og Magnús Smári Snorrason mætti í forföllum Lilju Ágústsdóttur. Þá var Eyjólfur Bjarnason forfallaður og varamaður hans sömuleiðis. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð.

Undir dagskrárlíð 1 sátu eftirtaldir gestir fundinn: Valgarður Hilmarsson, Stefanía Traustadóttir, Tinna D. Christiansen, Rakel Óskarsdóttir, Lárus Hannesson, Sævar Freyr Þráinsson, Linda B. Pálsdóttir, Gunnlaugur Júlíusson, Björg Ágústsdóttir, Kristján Sturluson, Kristinn Jónasson, Ragna Ívarsdóttir, Svandís Sigurðardóttir, Ólafur Sveinsson og Vífill Karlsson.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00.

1. Heimsókn frá vinnuhópum Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis um eflingu sveitarstjórnarstigsins og hlutverk landshlutasamtaka

Fundað með vinnuhópum um eflingu sveitarstjórnarstigsins og hlutverk landshlutasamtaka. Auk þess sátu fundinn gestir frá sveitarfélögum á Vesturlandi. Valgarður og Stefanía kynntu verkefni vinnuhópsins um sveitarstjórnarstigið, Grænbókina sem birt var nýverið á samráðsvefnum, auk þess sem Stefanía kynnti vinnu hópsins sem er að fara yfir hlutverk landshlutasamtakanna. Líflegar umræður urðu um þessi mál og ekki síst sameiningu sveitarfélaga.

2. Fundargerð 144 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 144 fundi stjórnar SSV til samþykktar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

3. Almenningsamgöngur.

Lagt fram yfirlit yfir reksturinn fyrstu 3 mánuði ársins 2019. Fram kom að halli er á rekstrinum uppá tæp 600 þúsund. Þá var rætt um framhald verkefnisins og ennþá liggur ekki fyrir hvernig það verður skipulagt eða hvernig umsýslu verður háttáð.

4. Sviðsmyndagreining um framtíð atvinnulífs á Vesturlandi.

Lagður fram samningur við KPMG um sviðsmyndagreiningu fyrir framtíð atvinnulífs á Vesturlandi. Stjórn SSV samþykkti samninginn.

5. Haustþing SSV 2019

Rætt um undirbúning og þema fyrir Haustþing SSV 2019. Stjórn samþykkti að þingið fari fram 25 september n.k. og verði haldið á Snæfellsnesi. Þema þingsins verður umhverfismál.

6. Fjármálaáætlun

Lögð fram umsögn SSV vegna fjármálaáætlunar 2020-2024. Stjórn ræddi umsögnina og lagði fram ábendingar um kynningu á henni fyrir fjárlaganefnd. Samþykkt að Björn Hilmarsson og Páll S. Brynjarsson sækji fund fjárlaganefndar.

7. Starfsmannamál

Elísabet Haraldsdóttir menningafulltrúi mun láta af störfum í sumar, en hún verður 70 ára í júní. Óskað er eftir heimild til að ráða í starf verkefnisstjóra sem mun sinna menningarmálum og verkefnum sem tengjast sóknaráætlun og atvinnuráðgjöf. Stjórn samþykkti tillöguna og veitti framkvæmdastjóra heimild til þess að auglýsa eftir starfsmanni.

8. Fræðsluferð sveitarstjórnarfólks til Danmerkur

Rætt um fræðsluferð sveitarstjórnarfulltrúa til Danmerkur. Framkvæmdastjóra falið að taka saman skýrslu um ferðina.

9. Erindisbréf Ungmennaráðs Vesturlands

Lögð fram drög að erindisbréf fyrir Ungmennaráð Vesturlands. Stjórn gerði ekki athugasemdir við erindisbréfið og fól samstarfshópi ungmennaráða að ljúka vinnu við bréfið.

10. Framlögð mál

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra
- b. Kynning á dagskrá fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA, en formaður SSV mun sækja fundinn.

11. Aðalfundur Vesturlandsstofu

Sjá sérstaka fundargerð fyrir aðalfund Vesturlandsstofu.

Fundi slitið kl. 13.20